



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús nr. 26/1994 (hunda- og kattahald)
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Innviðaráðuneytið
Innleiðing EES-gerðar?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	22. janúar 2025

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni.

Samkvæmt ákvæðum laga um fjöleignarhús þarf samþykki 2/3 hluta eigenda sem hafa sameiginlegan inngang eða stigagang fyrir hunda og kattahaldi í fjöleignarhúsum. Hefur svo verið frá árinu 2011 þegar breyting var gerð á lögnum en áður hafði verið krafist samþykkri allra eigenda fyrir slíku dýrahaldi. Þó að slakað hafi verið á kröfum um samþykki eigenda fyrir slíku dýrahaldi með þessari breytingu leggja núgildandi kröfur um samþykki aukins meirihluta stein í götu margra hunda- og kattaigenda.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Endurskoða þarf núgildandi reglur um samþykki meðeigenda fyrir hunda- og kattahaldi í fjölbýlishúsum með það að markmiði að tryggja betur bæði rétt hunda- og kattaigenda í fjöleignarhúsum án þess þó að gengið sé um of á rétt annarra eigenda til að takmarka slíkt dýrahald ef fyrir því eru málefnalegar ástæður.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Sjá hér að ofan.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki.

Meginmarkmið löggjafar um fjöleignarhús er að kveða með skýrum hætti á um réttindi og skyldur eigenda í fjöleignarhúsum til að stuðla að farsælli sambúð þeirra og draga úr líkum á réttarágreiningi.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.

Stefnt er að því að endurskoða gildandi reglur um hunda- og kattahald í fjöleignarhúsum með það að markmiði að tryggja betur rétt hunda- og kattaigenda án þess þó að ganga um of á rétt annarra eigenda.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Ef ekkert er aðhafst munu áfram gilda óbreyttar reglur um hunda- og kattahald í fjöleignarhúsum.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.

Nauðsynlegt er að breyta gildandi reglum með lagasetningu.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu.

Breyta þarf lögum um fjöleignarhús.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?
1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni. Gildandi ákvæði laga um fjöleignarhús um skilyrði hunda- og kattahalds verða endurskoðuð með það að markmiði að tryggja betur rétt hunda- og kattaeigenda án þess þó að ganga um of á rétt annarra eigenda. 2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott. Um er að ræða endurskoðun á reglum laga um fjöleignarhús um skilyrði hunda- og kattahalds.
E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar
1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Nei. 2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei 3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Nei.
F. Samráð
1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Eigendur og aðrir íbúar í fjöleignarhúsum, hagsmuna- og félagasamtök sem málið varðar. 2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Nei. 3. Samráð sem þegar hefur farið fram. 4. Fyrirhugað samráð.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
1. Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal. Engin áhrif á ríkissjóð.
H. Næstu skref, innleiðing
1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina? 2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? 3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? 4. Mælikvarðar á árangur og útkomu. 5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?

I. Annað
J. Fylgiskjöl
1. Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað. 2. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum.